

# Skýrsla Menntanefndar LH 2023

Í menntanefnd sitja: Randi Holaker, Herdís Reynisdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórir Magnús Lárusson og Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, en formaður nefndar er Mette Mannseth. Ný nefnd tók til starfa í mars, en fundaði stopullega framan af en oftast þegar tók að hausta og nálgast ráðstefnu.

## Trainer of the year

Nefndin sá um að tilnefna Sigvaldi Lárus Guðmundsson fyrir Íslands hönd í kosningu FEIF um “Trainer of the year 2022”. Þetta var byggt á tilnefningar og í framhaldi kosningar á netinu.

Sigvaldi er uppalinn í hestamennsku í Dalabyggð og flutti svo á unglingsárum í Kópavoginn. Árin 2012-2014 starfaði hann sem reiðkennari á Hólum og hefur hann einnig kennt á Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Hann starfar nú á Litlalandi í Ásahreppi.

Í umsögn um Sigvalda stendur: Sigvaldi er yfirkennari hæfileikamótunar LH og hefur hann náð góðum árangri með krökkunum í því verkefni. Hann hefur mikinn metnað og er þekktur sem mjög vandvirkur reiðkennari, hann er jákvæður og mildur en samt staðfastur og hreinskilinn. Hann er með mikla reynslu af framtamningum og keppni og hefur m.a kennt á Hólum. Sigvaldi kennir á öllum stigum reiðmennskunnar allt frá börnum upp í atvinnumenn.

Sigvaldi fékk afhent verðlaun hátíðlega á Menntadegi A – landsliðsins í Desember. Val á Sigvalda sem reiðkennara ársins fyrir Íslands hönd var sent til Feif sem reiðkennari ársins (Feif trainer of the year)

## Alþjóðleg menntaráðstefna 2023/24

Langmesta vinna nefndarinnar fór í að skipuleggja og útfæra rafræna menntaráðstefnusem mun fara fram í Janúar 2024. Þema að þessu sinni er efni sem er mjög ákallandi í dag; “Social licence to operate” eða “Samfélagsegt starfsleyfi” Fyrirlesarar eru að uppistöðu vísindamenn með sterkan hestabakgrunn sem munu meðal annars fara yfir stöðu þekkingar á sviðum sem snúa að velferð hesta. Markmið ráðstefnunnar er að auka þekking og meðvitund um hvernig umheimurinn lítur á okkur hestamenn, hvaða ógnir eru hugsanlega til staðar en ekki síst tækifæri sem þessi umræða hefur í för með sér.. Meðfram ráðstefnunni verður facebook-hópsíða þar sem þátttakendur geta rætt málin og einnig spurt fyrirlesarana spurninga. Síðasta kvöldið verður pallborðsumræður þar sem fulltrúar ymsa hópa innan Íslandshestaheiminum koma saman og ræða stöðuna.

## Símenntunarkerfi þjálfara og reiðkennara LH

FEIF gerir lágmarkskröfur til símenntunnar til að halda sér á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara. Símenntunarreglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir “Menntun” <https://www.lhhestar.is/is/menntun/endurmenntun>. Menntanefnd hefur bætt upplýsingar um

auknar kröfur til endurmenntunnar, og þarf að halda því áfram. Unnið er í að koma boðleiðir og kerfi í kringum það í góðan farveg innan skrifstofu LH.

Sýnikennsla A-landsliðsins sem og “Dagur reiðmennskunnar” hjá hestamannafélaginu Fáki var kynnt sem símenntunarleið og gátu gestir fengið uppáskriftað vottorð um þáttöku á staðnum.

## Þjálfarastig LH

Þjálfarastig LH eru í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum. Hægt er að lesa um það á heimasíðu LH undir “Menntun”, <https://www.lhhestar.is/is/menntun/thjalfarastig-lh>. Anna Björk Ólafsdóttir kláraði “FT-leiðina” og er þ.a.l. með Þjálfarastig 3 en er hún fyrst til þess að klára þessa leið. Nokkrir eru í þessu ferli eins og er. Á hverju ári bætast inn 15-20 með Þjálfarastig 5 eftir þriggja ára BS-nám í Reiðmennsku og Reiðkennslu.

## Menntakerfi LH

Grunnurinn að menntakerfi LH er að hvetja til menntunar og tryggja að bak við hvert stig liggur raunveruleg þekking og geta. Menntakerfi LH hefur tekið á sig nýja mynd eftir tilkomu Þjálfarastiga LH og er einnig komið inn á heimasíðuna <https://www.lhhestar.is/is/menntun>. Ný uppfærsla af kerfinu mun veita fleirum aðgang að endurmenntun og eru nokkrir aðilar að nýta sér þetta.

## Framundan

Framundan mun Menntanefnd LH halda áfram að standa undir kröfum um aukna símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ.

Verið er að vinna í rafræna ráðstefnu Janúar 2024.

Kynna þarf þjálfarastig LH fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum, og stuðla að að það verði notað.

## Hlutverk Menntanefndar

Hlutverk Menntanefndar LH er að stuðla að aukinni menntun innan hestamennsku og aukið aðgengi menntunnar þ.m.t. símenntun. Menntanefnd LH tryggir að staðlar og kröfur menntakerfisins sé fylgt eftir. Menntanefnd LH er í tengingu við Menntanefnd FEIF, ÍSÍ sem og opinberar menntastofnanir sem bjóða upp á nám í hestamennsku.

Fyrir hönd Menntanefndar LH

Mette Mannseth